

NÝ

ÞJÓDMÁL

Afgreiðsla Nýrra þjóðmála er að Ingólfsstræti 18, Reykjavík, sími 19920.

Ritstjóri blaðsins hefur aðsetur að Vonarstræti 8, sími 12002.

Þjóðmál

2. árg. — Þriðjudagur 25. febrúar — 8. tbl. 1975

Málgagn Jafnaðar- og samvinnumanna

NÝ

ÞJÓDMÁL

Ný þjóðmál koma út vikulega.

Útgáfudagur blaðsins er þriðjudagur.

Ný þjóðmál fást á blaðsölustöðum, og í afgreiðslunni að Ingólfsstræti 18.

Alyktun framkvæmdastjórnar Samtakanna:

Ábyrg og raunsæ leið til að leysa vandann

I.

Framkvæmdastjórn Samtakanna lýsir eindreginni andstöðu við efnahagsaðgerðir núverandi ríkisstjórnar. Um áratuga raðir hefur engri íslenski ríkisstjórn tekist að skerða lífsskjör almennings jafn mikið á jafn skömmum tíma.

Ríkisstjórn íhaldsafllanna hóf feril sinn á 17% gengisfellingu, 20% hækkun búvöruverðs, álagningu tveggja nýrra söluskattsstiga, hækkun á raforkuverði og bensínskatti. Í kjölfar þessara aðgerða fylgdi 10-12% lækking á umsómdum kjörum sjómanna, enn frekari hækkun á landbúnaðarvörum og margvíslegar verðhækkningar á öllum sviðum. Á hinum stutta valdaferli ríkisstjórnarinnar hefur verðlag á matvælum hækkað um 42%. Kjör hinna lægst launuðu hafa á samátíma verið verulega skert. Kjaraskerðing nemur nú þegar röskum þriðjungi lægstu launa. Til að kóróna baráttu sína gegn hagsmunum almennra launamanna hefur ríkisstjórnin nú bætt við nýrri gengisfellingu, aðeins fimm mánuðum eftir hina fyrri.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins var mynduð undir því yfirsýni, að hún yrði sterk stjórn, sem myndi leysa efnahagsvanda þjóðarinnar. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að þessi ríkisstjórn íhaldsafllanna í landinu er veik stjórn, sem ekki ræður við vandann. Hún hefur þvert á móti aukið hann til muna. Frá valdatöku ríkisstjórnarinnar hefur verðbólguhraðinn aukist, gjaldeyrisvarasjóðurinn er að mestu þrotinn og aðgerðir stjórnarinnar í þágu atvinnuveganna hafa á mörgum sviðum einungis valdið enn meiri vanda. Í stað þess að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar hefur ríkisstjórnin á fáeinum mánuðum orðin ein af orsökum hans.

II.

Framkvæmdastjórn Samtakanna er ljóst, að verkalýðshreyfingin á fyrir höndum harða baráttu fyrir þeirri yfirlýstu stefnu sinni, að láglaunafólkið í landinu njóti á ný þeirra kjara, sem það

náði með kjarasamningum fyrir ári síðan. Framkvæmdastjórn Samtakanna heitir verkalýðshreyfingunni fullum stuðningi í þeirri baráttu og hvetur allit stuðningsfólk Samtakanna til að leggja málstað verkalýðshreyfingarinnar ötullega lið.

Framkvæmdastjórn Samtakanna telur brýna nauðsyn, að í yfirstandandi samningum verði ekki aðeins gerð úttekt á rekstrargrundvelli atvinnuveganna, heldur einnig á fjárhagsstöðu og afkomumöguleikum heimilanna. Akveðin verði raunhæf lágmarkslaun, sem gerðu almennu launafólki kleift að lifa mannsæmandi lífi. Trygginga- og skattkerfi ríkisins verði síðan endurskipulagt í því skyni að virkt tekjujöfnunarkerfi verði við lýði í landinu.

III.

Þótt efnahagsvandi þjóðarinnar sé vissulega mikill, hefðu réttar aðgerðir í tæka tíð að verulegu leyti dregið úr honum. Hefði náðst samstaða um þá meginstefnu, sem Samtökin lögðu til s.l. sumar, væri staða þjóðarþúsins nú mun betri og kjör almennings í landinu blómlegri.

Framkvæmdastjórn Samtakanna ítrekar þá stefnu, sem Samtökin settu fram í stjórnarmyndunarviðræðunum s.l. sumar og þingflokkur Samtakanna hefur í vetur flutt á alþingi. Meginatriði þessarar stefnu í efnahags- og kjaramálum eru eftirfarandi:

- 1 Meginþáttur efnahagsaðgerða ríkisvaldsins verði framkvæmd niðurfærsluleiðar, sem fyrst og fremst miðist við kjarajöfnun. Tekjur láglaunahópa verði ekki skertar, en þeir forréttindahópar, sem vegna sérstakrar aðstöðu hafa að mestu sjálfðæmi um kaup og kjör, verði látnir bera fyllilega sinn hluta hinna sameiginlegu byrða.
- 2 Akveðið hámark, þak, verði sett á fjárlög, erlendrar lántökur, vísitölu og heildarfjárfestingu.
- 3 Samningar verði teknir upp um

endurskoðun vísitölukerfisins og þær sjálfvirku verðákvörðunarreglur, sem gilda á ýmsum sviðum, verði endurskoðaðar.

- 4 Verðtrygging sparifjár og fjárskuldabindinga verði tekin upp. Þar sem því verður ekki við komið verði nafnvextir hafðir breytilegir.
- 5 Framkvæmdir verði eftir fremsta megni fjármagnaðar innanlands og m.a. samíð við banka tryggingafélag og lífeyrissjóði um kaup á ríkisskuldabréfum vegna fjármögnunar framkvæmda.
- 6 Stíghækkandi skyldusparnaður verði settur á útsvarsskyldar tekjur yfir 1 millj. kr.
- 7 Skattur á eignasölugróða verði aukinn.
- 8 Reglum um fyrningar og afskriftir fyrirtækja verði breytt og núverandi hlutfall lækkað.
- 9 Skattaefirlit og eftirlit með innheimtu söluskatts verði hert til muna.
- 10 Framkvæmdir á landsbyggðinni verði látnar sitja í fyrirrúmi og boðaður samdráttur í opinberum aðgerðum verði bundinn við önnur svið.

IV.

Framkvæmdastjórn Samtakanna lýsir eindregnum stuðningi við gagnrýni þingflokks Samtakanna á vinnubrögð ríkisstjórnarmeirihlutans á alþingi. Ríkisstjórnin hefur brugðist þeirri lýðræðis skyldu sinni að upplýsa alþingi og þjóðina í tæka tíð um ástand og horfur í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin hefur enn ekki gefið til kynna hvaða úrræði hún hefur önnur en endurtekningar gengisfellingar. Alþingi situr aðgerðarlaust meðan ríkisstjórnin leitar árangurslaust að leiðum.

Þingflokkur Samtakanna hefur lagt fram ítarlegar tillögur um vinnubrögð alþingis og stefnu til lausnar vandans. Þær tillögur sýna raunsæi og ábyrga forystu. An slíkrar forystu verður vandi þjóðarinnar ekki leystur.

Lýst fullum stuðningi við baráttu verkalýðshreyfingarinnar

Spilamennska Framsóknarforustunnar — sjá grein í opnu